# Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Keilis um frumgreinanám, Háskólabrú við Keili

Háskóli Íslands kt. 600169-2039, og Keilir, kt. 500507-0550, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

## 1. gr.

*Forsendur og markmið*

Samningur þessi er gerður með vísan til 25. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008.

Markmið samnings þessa er að bjóða upp á aðfararnám (frumgreinanám) á vegum Háskóla Íslands fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Námið skal fara fram við Háskólabrú Keilis á Reykjanesi.

Á vegum Keilis eru varðveittar upplýsingar um námsferil nemenda Háskólabrúar sem þar stunda eða hafa stundað nám, sbr. 4. gr.

## 2. gr.

*Samstarfsnefnd Háskóla Íslands og Keilis*

Starfandi er samstarfsnefnd samningsaðila, skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila. Fjallar hún um og hefur yfirsýn yfir allt samstarf Háskóla Íslands og Keilis. Hafa skal samráð við samstarfsnefndina við framkvæmd samnings þessa.

## 3. gr.

*Fagráð frumgreinanáms*

Starfandi er fagráð um málefni samnings þessa og samskipti samningsaðila. Í fagráði skulu sitja þrír menn frá Háskóla Íslands og tveir frá Keili og einn til vara fyrir hvorn samningsaðila. Framkvæmdastjóri Keilis tilnefnir fulltrúa Keilis. Rektor Háskóla Íslands skipar fagráð og ákveður hver gegnir formannsstörfum.

Hlutverk fagráðs er:

a. Að sjá um framkvæmd samningsins og ákvarðana er honum tengjast.

b. Að fjalla um og staðfesta námsskrá fyrir frumgreinanámið á grundvelli aðalnámskrár framhaldsskóla og hafa eftirlit með framkvæmd náms og prófa í samráði við fræðasvið Háskóla Íslands.

c. ~~Að gera tillögu til háskólaráðs að reglum um kennslu, kennslutíma, skráningu nemenda, inntökuskilyrði, námsframvindu og framkvæmd prófa til að tryggja gæði náms og kennslu.~~

d. Að hafa eftirlit með því að reglum, lögum, gæðakröfum og ákvæðum samnings þessa sé fylgt.

e. Að taka árlega saman skýrslu fyrir háskólaráð um framvindu og framkvæmd frumgreinanámsins.

Fagráð skal funda reglulega. Ákvarðanir og aðrar niðurstöður mála skulu færðar í fundargerð sem staðfest er af fulltrúum fagráðs. Fundargerðir skulu sendar samstarfsnefnd sbr. 2. gr.

**4. gr.**

*Skráning og inntökuskilyrði*

Halda skal skrá um nemendur sem stunda frumgreinanám við Keili í sérstöku nemendabókhaldi Keilis þar sem m.a. kemur fram hversu margir nemendur stunda nám og hversu margir þreyta próf hverju sinni. Í lok hvers misseris veitir Keilir fagráði og samstarfsnefnd samningsaðila upplýsingar um fjölda nemenda í frumgreinadeild.

Þeir sem skráðir eru í Háskólabrú Keilis skulu hafa lokið tilskildum undirbúningi samkvæmt reglum sem háskólaráð Háskóla Íslands setur, sbr. 3. gr.

**5. gr.**

*Fyrirkomulag náms*

Fagráð skal fylgjast með námskrá og samþykkja allar breytingar á henni sbr. b lið 2. mgr. 3. gr. Námsskrá skal leggja fyrir háskólaráð til staðfestingar.

Fagráð gerir drög að reglum um námið sem lagðar skulu fyrir háskólaráð Háskóla Íslands til samþykktar, sbr. c lið 2. mgr. 3. gr.

Háskóli Íslands ber faglega ábyrgð á því frumgreinanámi sem fram fer við Keili á grundvelli samnings þessa. Keilir sér um framkvæmd kennslu í samræmi við námsskrá og kröfur Háskóla Íslands og ber fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum. Keilir skuldbindur sig til að uppfylla gæðakröfur og reglur Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis um kennslu, kennslutíma, skráningu nemenda, inntökuskilyrði, námsframvindu og framkvæmd prófa.

Nám við Háskólabrú Keilis getur verið staðnám eða fjarnám. Miðað skal við að námið taki frá einni önn til fjögurra anna, eftir undirbúningi nemenda við upphaf námsins.

**6. gr.**

*Kennarar*

Kennarar frumgreinanáms skulu vera starfsmenn Keilis. Þeir skulu uppfylla hæfiskröfur fyrir framhaldsskólakennara samkvæmt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

**7. gr.**

*Viðurkenning náms og útskrift*

Hver háskóladeild fyrir sig ákveður hvort lokapróf úr frumgreinadeild Keilis fullnægir kröfum um undirbúning til náms í deildinni sbr. reglur nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnnám við

Háskóla Íslands. Keilir skal upplýsa nemendur sérstaklega um framangreind inntökuskilyrði deilda Háskóla Íslands áður en þeir hefja nám við frumgreinadeild Keilis.

Nemendur sem ljúka frumgreinanáminu skulu útskrifast á ábyrgð Háskóla Íslands en á prófskírteini skal koma fram að námið hafi verið stundað við Keili samkvæmt samstarfssamningi þessum. Prófskírteini skal undirritað af fulltrúum beggja samningsaðila.

**8. gr.**

*Fjármögnun*

Nám við frumgreinadeild Keilis skal fjármagnað með gjaldi sem nemendur greiða fyrir námið, sbr. c og d lið 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, og framlagi af fjárlögum skv. samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Háskóla Íslands og Keilis. Keilir annast innheimtu gjalda og ráðstöfun þeirra. Keilir skal, strax í kjölfar samþykktar stjórnar Keilis, leggja fjárhags- og rekstraráætlun vegna námsins fyrir samstarfsnefnd og rektor Háskóla Íslands.

Keilir greiðir Háskóla Íslands fjórar milljónir króna árlega á gildistíma samningsins vegna kostnaðar Háskóla Íslands við umsýslu vegna frumgreinanámsins, sem komi til greiðslu eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Framangreind fjárhæð skal taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluvöruverðs sem Hagstofa Íslands gefur út.

**9. gr.**

*Gildistími og endurskoðun*

Samningur þessi gildir frá undirritunardegi til 30. júní 2012 en unnt er að segja honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 31. maí 2011

Kristín Ingólfsdóttir
rektor Háskóla Íslands

Hjálmar Árnason
framkvæmdastjóri Keilis